

# Hæfnigreining á starfi liðveitanda

## SÍMEY

Lok verkefnis: **14.02.2020**

**1. Heiti verkefnis og nafn styrkþega**

Hæfnigreining á starfi liðveitanda. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.

**2. Um verkefnið**

Einstaklingar sem sinna liðveislu þurfa að búa yfir mikilli þekkingu á sviði fötlunar og félagsþjónustu. Starfið er mörgum „dulið“ og næst lægsta starfið í starfsmati Sambands íslenskra sveitafélaga þrátt fyrir verulegar kröfur um fjölbreytta hæfni. Hæfnigreiningin á starfi liðveitanda var því þörf.

**3. Markmið verkefnis**

Hæfnigreining skilgreinir starfið og skapar ramma um þá hæfni sem þarf að þjálfja hjá einstaklingum sem sinna starfinu. Hæfnigreiningin er unnin samkvæmt hæfnigreiningarferlum FA.

**4. Hverjir voru helstu samstarfsaðilar?**

Eining-lója, Fjölmennt og félagsþjónusta Akureyrarbæjar, Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar.

**5. Hver er helsti ávinningur af verkefninu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar?**

Ekki er til starfaprófill eða hæfnigreining fyrir starf liðveitanda. Raunfærnimat fyrir þessi störf er ekki fyrir hendi. Verkefnið styður afar vel við þann áhuga sem er til staðar að efla starfsmenn innan sveitarfélaga með minnstu menntunina.

**6. Lokaafurð/ir verkefnis**

[Starfaprófill liðveitanda](#). Þess má vænta að starfaprófill sem inniheldur skilgreiningu starfs og hæfnikröfur nýtist bæði sem viðmið í námskrám og raunfærnimati.